

Reglur um einkaviðskipti starfsmanna Ísafold Capital Partners hf.

1. Almenn

- 1.1. Ísafold Capital Partners hf. (hér eftir nefnt „ÍCP“ eða „félagið“) er rekstraraðili sérhæfðra sjóða skv. lögum nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða („lögin“), með starfsleyfi sem rekstraraðili sérhæfðra sjóða frá Fjármálaeftirlitinu skv. 6. gr. laganna. Starfsleyfið tekur eingöngu til reksturs sérhæfðra sjóða, en félagið hefur hvorki heimild til eignastýringar né fjárfestingarráðgjafar.
- 1.2. Reglurnar eru settar á grundvelli 63. gr. framseldrar reglugerðar ESB nr. 231/2013 (um viðbætur við tilskipun Evrópuþings og ráðsins 2011/61/ESB að því er varðar undanþágur, almenn rekstrarskilyrði, vörsluaðila, vogun, gagnsæi og eftirlit) („reglugerðin“). Reglur þessar skulu ekki túlkaðar á þann hátt að í þeim felist loforð eða skuldbinding umfram það sem krafist er samkvæmt lögum, reglugerðum og tilmælum á hverjum tíma.
- 1.3. Tilgangur reglna þessara er að draga úr líkum á hagsmunaárekstrum í starfsemi ÍCP og jafnframt að tryggja óháða stöðu þeirra aðila sem reglurnar taka til. Fyrirkomulagið sem kveðið er á um í reglum þessum miðar að því að koma í veg fyrir óviðeigandi háttsemi starfsmanna sem koma að starfsemi sem getur valdið hagsmunaárekstrum, hafa aðgang að innherjaupplýsingum¹ eða öðrum trúnaðarupplýsingum sem tengjast sérhæfðum sjóði eða viðskiptum við eða fyrir sérhæfðan sjóð.
- 1.4. Stafsmenn skulu hafa samband við regluvörð ef þeir eru í vafa um efni eða framkvæmd reglnanna.

2. Gildissvið

- 2.1. Reglur þessar gilda um alla starfsmenn ÍCP og taka með sama hætti til neðangreindra aðila;
 - a) maka, maka í staðfestri samvist eða sambúðarmaka og barna, kjörbarna eða stjúpbarna á framfæri starfsmanns.

¹ Í skilningi 1. mgr. 1. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB frá 28. janúar 2003 um innherjasvik og markaðsmisnotkun

- b) aðila sem eru tengdir starfsmönnum nánnum böndum sem jafna má við ofangreint eða aðila sem tengjast þeim með þeim hætti að hann hefur beina eða óbeina persónulega hagsmuni af viðskiptum sem falla undir reglur þessar, að undanskilinni þóknun fyrir framkvæmd viðskiptanna.
 - c) Lögaðila ofangreindra aðila, sem og félagar þar sem þeir, sjálfir eða í samstarfi við aðra aðila sem falla undir reglur þessar, geta með beinum eða óbeinum hætti í skjóli eignarhalds og/eða stjórnarsetu tekið ákvörðun um viðskipti sem falla undir reglur þessar, t.d. með eignarhaldi á 20% hlutfjár eða yfirráð yfir 20% af atkvæðisrétti.
- 2.2. Hugtakið starfsmenn í reglum þessum tekur til allra framangreindra aðila nema annað sé sérstaklega tekið fram.
 - 2.3. Reglurnar gilda ekki um stjórnarmenn ÍCP.
 - 2.4. Starfsmenn skulu undirrita yfirlýsingu þar sem fram kemur að þeir hafi kynnt sér efni reglna þessara og skuldbindi sig til að lúta þeim, þar á meðal að þeir samþykki þá upplýsingaskyldu og felli sig við þau viðurlög sem fram koma í reglum.
 - 2.5. Reglurnar taka til viðskipta með alla fjármálagerninga eins og þeir eru skilgreindir í lögum um verðbréfavíðskipti. Til fjármálagerninga teljast t.d. verðbréf, afleiður, hlutdeilarskírteini í verðbréfasjóðum og peningamarkaðsskjöl. Reglurnar gilda einnig um viðskipti með hluti í öðrum félögum en hlutafélögum, t.d. einkahlutafélögum, samlagsfélögum og sameignarfélögum.
 - 2.6. Í reglum er ekki að finna tæmandi umfjöllun um það efni sem þær taka á. Að öðru leyti gilda eftir því sem við eiga lög rekstraraðila sérhæfðra sjóða, reglugerðir þeim tengdar sem og viðeigandi reglur/tilmæli/túlkningar FME, eins og þær eru á hverjum tíma.

3. Takmarkanir á viðskiptum

- 3.1. Starfsmenn ÍCP skulu sýna aðgætni í viðskiptum með fjármálagerninga þannig að þau viðskipti stangist á engan hátt á við hagsmuni viðskiptamanna ÍCP eða sjóða eða sjóðsdeilda ÍCP á þeim tíma sem þau eru gerð.

Starfsmönnum ÍCP sem;

- a) koma að starfsemi sem gæti valdið hagsmunaaárekstrum,
- b) hafa aðgang að innherjaupplýsingum í skilningi 1. mgr. 1. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB frá 28. janúar 2003 um innherjasvik og markaðsmisnotkun, eða

- c) hafa aðgang að öðrum trúnaðarupplýsingum sem tengjast viðskiptavinum ÍCP eða sjóða þess

er óheimilt að:

- i. stofna til einkaviðskipta með fjármálagerninga eða aðrar eignir sem uppfylla eitt eða fleiri eftirfarandi viðmiðana:
 - viðskiptin falla undir 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2003/6/EB,
 - viðskiptin fela í sér misnotkun eða óviðeigandi birtingu trúnaðarupplýsinga,
 - viðskiptin stangast á við eða eru líkleg til að stangast á við skyldu rekstraraðila sérhæfðra sjóða samkvæmt tilskipun 2011/61/ESB,
- ii. gefa einhverjum öðrum aðila ráð eða hvetji hann á annan hátt en rétt er í starfi hans eða samningi um þjónustu, til að stofna til einkaviðskipta, sem um getur í i. eða ii. lið a-liðar, eða myndi á annan hátt teljast misnotkun upplýsinga í tengslum við óafgreiddar pantanir,
- iii. veita einhverjum öðrum aðila upplýsingar eða álit, með fyrirvara um a-lið 3. gr. í tilskipun 2003/6/EB, annað en það sem um er að ræða í venjubundnu starfi hans eða samningi um þjónustu, ef viðkomandi aðili veit, eða ætti með réttu að vita, að með slíkri tilkynningu muni hinn aðilinn grípa til annars hvors eftirfarandi ráðs eða líklegt er að hann geri það:
 - stofni til einkaviðskipta, sem um getur í i. eða ii. lið a-liðar, með fjármálagerninga eða aðrar eignir eða sem myndu á annan hátt teljast misnotkun upplýsinga í tengslum við óafgreiddar pantanir,
 - ráðleggi öðrum einstaklingi eða hvetji hann til að stofna til slíkra einkaviðskipta.

4. Tilkynning um fyrirhuguð viðskipti

- 4.1. Starfsmönnum er ekki er heimilt að eiga viðskipti, skv. 2.5, fyrr en regluvörður hefur veitt heimild til viðskiptanna. Til að tryggja að ekki sé hætt á hagsmunaaðrekstrum er regluverði heimilt að leita álits næstu yfirmanna starfsmanns áður en heimild er veitt til viðskipta.
- 4.2. Áður en starfsmaður á viðskipti sem falla undir reglur þessar ber honum að óska skriflega eftir heimild regluvarðar ÍCP á ætluðum viðskiptadegi. Ef viðskipti eiga sér

ekki stað samdægurs skal starfsmaður sækja um heimild regluvarðar á nýjan leik. Ef regluvörður heimilar viðskipti eftir lokun markaða gildir heimildin næsta viðskiptadag. Við sérstakar aðstæður getur regluvarsla ákveðið að heimild til viðskipta gildi lengur en að framan greinir, s.s. ef lítil viðskipti eru með viðeigandi verðbréf.

- 4.3. Starfsmaður skal tilkynna regluverði um viðskiptin strax að þeim loknum með þeim hætti sem regluvörður ákveður hverju sinni.
- 4.4. Regluvörður hefur heimild til að banna viðskipti án rökstuðnings eða tímamarka. Þá kann heimild regluvarðar að vera bundin skilyrðum. Óheimilt er að miðla upplýsingum um synjun regluvarðar eða skilyrði heimildar til annarra starfsmanna eða aðila utan ÍCP. Synjun regluvarðar getur talist til verðmótandi upplýsinga og því mikilvægt að gæta fyllsta trúnaðar.
- 4.5. Í þeim tilvikum sem heimildar regluvarðar er ekki aflað áður en viðskipti fara fram hefur regluvörður heimild til að láta afturkalla eða bakfæra viðskipti starfsmanna telji regluvörður að viðskiptin hafi ekki samrýmt reglum þessum. Í slíkum tilvikum ber sá starfsmaður sem í hlut á þann kostnað/tap sem af kann að hljóta. Hagnaður af slíkum viðskiptum kann að vera gerður upptækur.
- 4.6. Þrátt fyrir að regluvörður taki afstöðu til viðskipta áður en að þau eiga sér stað eru viðskipti starfsmanna alfarið á þeirra ábyrgð, t.d. ef í ljós kemur síðar að starfsmaður bjó yfir innherjaupplýsingum þegar að viðskiptin fóru fram.
- 4.7. Regluvörður skal halda skrá um viðskipti sem honum er tilkynnt um eða hann auðkennir, þ.m.t. öll leyfi eða bönn í tengslum við slík viðskipti.

5. Starfsskyldur

- 5.1. Starfsmönnum ÍCP ber ávallt að gæta fyllstu óhlutdrægni í störfum sínum. Sérstaklega skal gætt að því að fyllsta trúverðugleika ÍCP og starfsmanna sé gætt. Einnig skal gæta að því að viðskiptin stangist ekki á við gildandi ákvæði laga og reglugerða um meðferð innherjaupplýsinga, viðskipt innherja og markaðsmisnotkun á hverjum tíma.

6. Eignarhaldstími

- 6.1. Lágmarkseignarhaldstími fjármálagerninga sem starfsmaður ÍCP hefur eignast í samræmi við ákvæði reglna þessara skal vera 10 dagar frá kaupdegi. Regluvörður getur veitt undanþágur frá lágmarkseignarhaldstíma vegna sérstakra aðstæðna eða breytinga á högum starfsmanns eftir að fjármálagerningarnir voru keyptir, s.s. vegna veikinda, slyss eða andláts í fjölskyldu hans, hjónaskilnaðar eða hann hefur

eignast fjármálagerningana óvænt með öðrum hætti en kaupum, s.s. að arfi eða sem gjöf.

- 6.2. Almennu eru ekki takmarkanir á því hversu oft starfsmenn eiga viðskipti fyrir eigin reikning en regluvörður getur þót sett tiltekin mörk ef fjöldi viðskipta er að mati regluvarðar farinn að hafa áhrif á getu starfsmanns til að sinna starfi sínu.

7. Eign í fjármálagerningum við upphaf starfs

- 7.1. Starfsmenn skulu greina regluverði frá allri eign sinni í fjármálagerningum, þ.m.t. eign í óskráðum félögum, þegar þeir hefja störf hjá ÍCP. Tilkynna skal regluverði um allar breytingar sem verða á eign þeirra.

8. Undantekning frá reglunni

- 8.1. Reglurnar gilda ekki um eftirfarandi viðskipti::

d) viðskipti sem framkvæmd eru hjá þjónustu á sviði eignasafnsstýringar, að ákvörðun þar sem engin samskipti hafa áður farið fram í tengslum við viðskiptin milli eignasafnsstjórans og viðkomandi aðila eða annars aðila þar sem viðskiptin fara fram fyrir reikning hans,

e) viðskipti í verðbréfasjóði eða sérhæfðum sjóði sem falla undir eftirlit, samkvæmt lögum aðildarríkis, þar sem gerð er krafa um sambærilega áhættudreifingu eigna þeirra í því tilviki að viðkomandi aðili og hvaða annar aðili sem er, þar sem viðskiptin fara fram fyrir hans reikning, taki ekki þátt í stjórnun þess fyrirtækis

9. Regluvörður

- 9.1. Regluvörður hefur eftirlit með því að viðskipti starfsmanna séu í samræmi við reglurnar og upplýsingar um einstök viðskipti kunna að verða send eftirlitsaðilum komi fram krafa um það.
- 9.2. Regluvörður hefur heimild til að veita undanþágu frá reglunum í undantekningartilvikum svo framarlega sem slík undanþága brýtur ekki í bága við lög og reglur. Óski starfsmaður eftir undanþágu frá reglunum skal hann senda rökstudda beiðni um undanþágu með tölvupósti til regluvarðar.

10. Viðurlög

- 10.1. Brot gegn reglum þessum geta varðað áminningu eða eftir atvikum uppsögn starfsmanns og skulu slík viðskipti ganga til baka. Brot gegn reglum þessum geta verið þess eðlis að þau varði refsingu skv. lögum. Regluvörður skal halda skrá yfir



meint brot. Sé um alvarleg og ítrekuð brot að ræða skal regluvörður tilkynna það forstjóra og innri endurskoðanda.

Þannig samþykkt af stjórn Ísafold Capital Partners 13. desember 2021